

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – júní 2023

Skráð atvinnuleysi í júní var 2,9%

Skráð atvinnuleysi í júní var 2,9% og minnkaði úr 3,0% í maí. Í júní 2022 var atvinnuleysið hins vegar 3,5%.

Að meðaltali voru 5.833 atvinnulausir í júní, 3.185 karlar og 2.648 konur. Að meðaltali fækkaði atvinnulausum um 208 frá maí.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júní eða 3,8% og minnkaði úr 4,1% í maí.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 0,6%, á Austurlandi 1,1% og 1,7% á Vestfjörðum.

Alls komu inn 284 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júní.


Í júní 2023 gaf Vinnumálastofnun út 205 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 163 á höfuðborgarsvæðinu.

Alls voru 2.980 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júní og fækkaði um 49 frá maí.

Í júní voru 185 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og sex einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni lítið breytast í júlí og gæti orðið á bilinu 2,7% til 2,9%.

Próun atvinnuleysis frá júní 2021 til júní 2023




Atvinnuástand eftir landshlutum

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í júní eða 3,8% og minnkaði úr 4,1% í maí. Næst mest var atvinnuleysið 3,3% á höfuðborgarsvæðinu í júní og minnkaði úr 3,4% í maí. Atvinnuleysi var 2,2% á landsbyggðinni í júní og minnkaði úr 2,5% í maí. Á flestum stöðum á landsbyggðinni minnkaði atvinnuleysið frá maí nema á Vesturlandi þar sem það stóð í stað.

Minnst var atvinnuleysi á Norðurlandi vestra 0,6%, á Austurlandi 1,1% og 1,7% á Vestfjörðum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í maí og júní.


Atvinnuleysi eftir landshlutum



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á einu svæði, það er á Norðurlandi vestra þar sem atvinnuleysi karla var 0,7% og 0,4% meðal kvenna.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í júní.

Atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru 6.106 í lok júní, 3.277 karlar og 2.829 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 115 frá máilokum en atvinnulausum konum fækkaði um 52.

Alls voru 534 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok júní og fækkaði um 35 frá maí. Í júní 2022 var fjöldi atvinnulausra á þessum aldri hins vegar 528.

Alls höfðu 1.317 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok júní 2023 og fækkaði um 148 frá maí. Í júní 2022 var fjöldi þeirra hins vegar 2.380 og nemur fækkunin 1.063 milli ára.

Þeir sem höfðu verið atvinnulausir í 6-12 mánuði voru hins vegar 1.412 í júní síðastliðnum en 1.675 í júní 2022.



Atvinnugreinar

Atvinnulausum fækkaði lítillega í lok júní í flestum atvinnugreinum frá lokum maí. Mest var fækkun atvinnulausra í ferðapjónustu, þ.e. farþegaflutningum, gistipjónustu og ýmissi ferðapjónustu. Einnig fækkaði atvinnulausum nokkuð í verslun og vöruflytningum. Í

sjávarútvegi fjölgaði atvinnulausum hins vegar lítilsháttar frá maí.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok júní 2023

Atvinnulausir eftir atvinnugreinum



Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur


Atvinnuleyfi

Í júní 2023 gaf Vinnumálastofnun út 205 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 163 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 128 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 77 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í júní, hvort sem það var nýtt eða framlengt, fengu leyfi vegna sérfræðiþekkingar eða 48 leyfi. Þá voru gefin út 45 námsmannaleyfi og 36 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í júní voru flest leyfi gefin út vegna þjónustustarfa eða 33%, 25% vegna starfa stjórnenda, sérfræðinga og sérmenntaðra og 23% vegna starfa iðnverkafélks. Um 19% var í öðrum starfsgreinum.


Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 2.980 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok júní og fækkaði um 49 frá maí. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 49% í lok júní.



Flestir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.328 sem er um 45% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Rúmenar og Lettar.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í júní 2023



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar var 51 erlent þjónustufyrirtæki starfandi í júní 2023 með samtals 320 starfsmenn.


Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 628 í júní á vegum 22 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 48%, 19% frá Litháen og 16% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 18% starfsmanna komu frá 15 öðrum ríkjum.

Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í júní 2023 voru gefin út 129 slík vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 81 einstaklingur, 13 fóru til Búlgaríu og átta fóru til bæði Tékklands og Lettlands. Þá voru gefin út 19 vottorð til viðbótar til níu annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, júní 2023




Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í júní

Alls komu inn 284 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í júní. Flest auglýstra starfa voru vegna ráðningarstyrkja eða um 157 störf, önnur teljast almenn störf. Um það bil 54% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 15% á Suðurnesjum og 10% á Suðurlandi. Þá eru 20% annarsstaðar á landinu.

Fjöldi auglýstra starfa eftir landshlutum í júní 2023



Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Atvinnuleitendum stendur til boða að taka þátt í þjálfun og nýsköpun og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur. Í júní voru 185 einstaklingar á ráðningarstyrk innan fyrirtækja eða stofnana og sex einstaklingar voru á nýsköpunarstyrk, flestir á höfuðborgarsvæðinu eða 123 einstaklingur.

Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 5 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum ítarlega brotið niður eftir bakgrunnspáttum.